Kennsluáætlun fyrir veturinn 2026 - 2027

Námsgrein: Stærðfræði **Árgangur:** 2. Bekkur

Kennari: Arna Guðbjörg Matthíasdóttir **Netfang**: arnam@klaustur.is

Almennt: Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður í daglegu lífi, leik og starfi.

Helstu markmið: Hæfniviðmið í stærðfræði eru sett fram í fimm flokkum, þ.e. vinnulag stærðfræðinnar sem á að vera gegnumgangandi í öllu námi og kennslu í stærðfræði, tölur og reikningur, algebra, tölfræði og líkindi og rúmfræði og mælingar. Þótt hæfniviðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu hæfniviðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfellt ferli og skapandi athöfn fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni.
Helstu markmið stærðfræðikennslu í 2. bekk er að vinna áfram með þann grunn sem þau hafa byggt upp í 1.bekk og byggja ofan á hann. Nemendur koma til með að vinna með stærri talnastærðir í samlagningu og frádrætti, tugkerfishátt, flatarmál, form og rúmfræðiform og tíma.

Hlekkur á Aðalnámskra: https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-25-staerdfraedi-2024

Námsgögn: Sproti 2a, Sproti 2b, Sproti æfingahefti 2a, Sproti æfingahefti 2b, Stærðfræðispæjararnir 1, Evolytes. Spil, leikir og annað ítarefni verður einnig nýtt í kennslunni.

Tímabil	Verkefni	Kennsluaðferðir	Tenging við lykilhæfni og hæfniviðmið
Haustönn: Ágúst September Október Nóvember Desember **Vorönn:** Janúar Febrúar Mars Apríl Maí	**Sproti 2a** Tölfræði Lengdamælingar Tölur upp í 100 Oddatölur og Sléttar tölur Samlagning og frádráttur Tími **Sproti 2b** Samhverfa Tvöfalt meira og helmingi minna – sléttar tölur og oddatölur Reikningur með tölum upp í 100 Flatarmál Reikningur Marghyrningar og hringir Rúmfræðiform	Innlögn á töflu: Viðfangsefni sýnd á skjá Reiknað á töflu og í námsbækur Sjálfstæð vinna í bókum Samvinna og umræður Hugarreikningur Orðadæmi Þrautir Stærðfræðileikir og -spil. Útikennsla með áherslu á stærðfræði, talning – flokkun o.fl.	Nýtir sér verkfæri og hlutbundin gögn sem þarf til að finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum. Getur notað rétt heiti yfir stærðfræðitákn og nýtt þau rétt við útreikninga. Þróar hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með náttúrulegum tölum. Nýtir aðferðir og leiðir til að leysa þrautir og rökstutt svör sín. Vinnur einstaklingslega og í samvinnu, að lausnum á stærðfræðilegu viðfangsefni með því að kanna, rannsaka og setja fram tilgátur. Getur notað tugakerfisritháttt og sýnt skilning á sætiskerfi við ritun náttúrulegra talna. Notar grunnreikniaðgerðirnar fjórar og reiknað með náttúrulegum tölum. Getur kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnarunum og myndrænum mynstrum og spáð fyrir um framhald mynsturs. Getur reiknað með óþekktum stærðum í einföldum tilvikum. Getur fundið eina óþekkta stærð í jöfnu með heiltölum og rökstutt lausnir sínar. Getur talið, flokkað og skráð, lesið og túlkað niðurstöður og sett upp í einföld myndrit, með og án stafrænna hjálpartækja.

			Getur lesið úr einföldum myndritum. Getur notað hugtök úr rúmfræði, til að lýsa hlutum í umhverfi sínu. Getur speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum. Getur lesið og notað mismunandi framsetningu á tíma, notað skífu- og stafræna klukku og lesið tímatöflur. Getur borið kennsl á tening, kúlu, keilu, sívalning, píramída og strendinga.

Námsmat:

Skilningur á viðfangsefni, frágangur og vinna í tímum, heimanám, vinnubækur, óformlegar kannanir (símat).

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.